

Fréttabréf Brimvers - Æskukots

Maí - júní 2016

Sumarið er komið, rétt eins og krían sem flýgur heimskautanna á milli en árlegt flug hennar samsvarar flugi í kringum hnöttinn.

Krían er duglegur fugl sem nýtir sumarið vel og gætir vel að sínum. Við stefnum á að nýta sumarið vel við leik og störf og njóta þess að vera til. Tíminn hentist frá okkur í maí og margt skemmtilegt var gert fréttabréfið er því bæði fyrir maí og júní.

Við gerð þess er mér efst í huga að þakka öllum þeim sem hafa komið að og stutt við starf skólans á skólaárinu, kærar þakkir ☺

Eins og áður vil ég hvetja foreldra/forráðamenn til að hafa samband við undirritaða ef eitthvað er sem betur má fara í skólastarfinu, einnig ef þið hafið hugmyndir um það sem getur auðgað starf skólans.

Bestu kveðjur, Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri.



Mikilvægar dagsetningar

3. maí - Nemendur fæddir 2010 fóru í skólavist og bókasafnið í BES

5. maí – Uppstigningardagur, **leikskólinn lokaður**

10. maí - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2012

12. maí – Hjóladagur

16. maí – Annar í hvítasunnu, **leikskólinn lokaður**

17. maí - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2010

18. maí – Útskrift í Æskukoti kl. 17:00

19. maí – Útskrift í Brimveri kl. 17:00

25. maí – Útskriftarferð

26. maí – Vorferð í boði foreldrafélaga

30. maí – 3. júní – Barnabær, elstu nemendur, börn f. 2010, verða í BES með kennurum sínum

14. júní – Vorhátíð í Æskukoti kl. 10:00

24. júní – Vorhátíð í Brimveri kl. 10:00

17. júní – Lýðveldisdagurinn, **leikskólinn lokaður**

30. júní - Sumarfrí byrjar, leikskólinn opnar eftir frí 4. ágúst

Efnisyfirlit

Mikilvægar dagsetningar.....1

Skóli á grænni grein -
Grænfáninn2

Útskrift 20164

Lambaferð4

Útskriftarferð4

Sveitaferð5

Starfsmenn5

Fundargerð foreldraráðs6

Sumarfrí og starfsdagar6

Starfsdagar 2016-2017 6

Skóli á grænni grein - Grænfáninn

Á Degi jarðar, 22. apríl sl., fékk leikskólinn Grænfánan afhentan við hátíðlega athöfn sem haldin var í BES. Eftir afhendingu fóru nemendur í Brimver og Æskukot með fána sem dregnir voru að húni í vorsól og blíðu. Boðið var upp á sólskinsdrykk og góðgæti. Þetta var ánægjuleg stund og ákveðin viðurkenning á því starfi sem unnið hefur verið á skólaárinu. Því markmiði er náð að flagga Grænfánanum í fyrsta sinn á báðum starfsstöðvum, í Brimveri í fyrsta sinn og í þriðja sinn í Æskukoti. Við viljum þakka öllum sem hafa stutt við verkefnið og sýnt því áhuga. Við höfum átt mjög gott samstarf við starfsfólk í BES og erum þakklát fyrir það. Umhverfisnefnd skólans hefur unnið vel með verkefnastjóra verkefnisins Hjördísi Heiðu Másdóttur.



Umhverfissáttmáli skólans var uppfærður með umhverfisnefnd og verður settur inn í skólanámskrá leikskólans.

Á Degi jarðar fögnuðum við, það hefur verið gaman og gjöfult fyrir skólastarfið að vinna að þessu verkefni. Nú verður stefnan sett á ný markmið og ævintýri. Hér á eftir má sjá myndir af nemendum í umhverfisnefnd taka við fánanum.



Útskrift 2016

Útskrift elstu nemenda sem eru fæddir 2010 var haldina við hátíðleg athöfn í Brimveri/Æskukoti. Miðvikudaginn 18. maí var útskrift í Æskukoti og fimmtudaginn 19. maí var útskrift í Brimveri. Útskriftarnemendur mættu með foreldrum og öðrum aðstandendum á sína fyrstu útskrift. Eftir útskrift voru nemendur með tónlistaratriði og söng sem þau hafa verið að skapa, læra og æfa í vetur. Nemendur stóðu sig mjög vel og það var ánægjulegt að fá að upplifa þessa stund með þeim og fjölskyldum þeirra. Frá leikskólanum útskrifast 11 nemendur, 5 frá Æskukoti og 6 frá Brimveri. Við óskum nemendum og foreldrum til hamingju með áfangann og óskum þeim alls hins besta. Með kærri þökk fyrir góðar samverustundir og samstarf.

Lambaferð

Lambaferð var farin frá Brimveri í boði Bjössa og Brynju, foreldra Hannesar Breka á Merkisteini. Börnin á Merkisteini og elstu börnin á Kötlusteini lögðu af stað í langa göngu upp í hesthúsahverfi til að skoða lömbin sem voru komin í hesthúsinu hjá Hannesi Breka. Margt er að varast í svona göngu, t.d. þjóðveginn. Í hesthúsahverfinu er margt að sjá, kindur, lömb, traktora og margt fleira og var lambaferðin mjög skemmtileg. Bjóssi og Brynja buðu okkur upp á safu og súkkulaðibita sem var auðvitað mjög gott og þökkum við þeim kærlega fyrir okkur.

Útskriftarferð

Útskriftarferð var farin fimmtudaginn 25. maí sl. Útskriftarnemendur ásamt kennurum fóru í rútu í menningar- og skemmtiferð í uppsveitir Árnessýslu. Farið var á Sólheima í Grímsnesi þar sem Axel tók á móti okkur og fór yfir sögu Sólheima. Virðing, umhyggja, vinátta, sjálfbærni og jafnrétti var útgangspunkturinn í sögu Sólheima. Því næst fór Axel með okkur í gönguferð um svæðið, sagði okkur frá því sem fyrir augu þar og fór með okkur inn í hús og smiðjur á Sólheimum. Þar var margt áhugavert og skemmtilegt að sjá og heyra þar sem íbúar Sólheima voru að störfum. Við vorum öll hugfangin af því sem við upplifðum, það var dýrmætt að fá þessa góðu leiðsögn og móttökur. Eftir heimsókn okkar á Sólheima var farið að Slakka í Laugarási. Þar var nú margt að sjá og upplifa, mörg dýr bæði inni og úti sem gaman er að skoða. Þar er líka mjög gaman að leika sér og eiga góða stund með félögunum. Við fengum góðar móttökur og leiðsögn um svæðið. Boðið var upp á pylsur, safu og ís. Kvenfélögin á Eyrarbakka og Stokkseyri styrktu ferðina. Færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir góðan stuðning.

Sveitaferð

Það jafnast ekkert á við sveitaferð. Foreldrafélögin á Brimveri og Æskukoti buðu leikskólabörnunum í sveitaferð 26. maí. sl. Farið var að Holti fyrir ofan Stokkseyri þar sem bændurnir, Björn, Elín, Ólafur Már og Hanna Sif, tóku á móti hópnum ásamt Almari Elí og Elínu Eik sem eru nemendur í Æskukoti. Þar skoðuðum við minkabúið sem er mjög stórt. Við fengum að halda á og klappa kettlingum og hvolpum sem margir vildu eiga. Við fengum líka að halda á lömbum, sáum svín og kálfa og fórum í fjósið. Rúsínan í pylsundanum var þegar kýrnar fengu að fara út í fyrsta sinn þetta árið. Þá var nú slett úr klaufunum og mikið fjör. Eftir heimsóknina að Holti fórum við í Timburhólaskóg þar sem boðið var upp á leik og hressingu.

Við þökkum foreldrafélögunum fyrir gott boð og ánægjulega ferð. Einnig fá bændurnir að Holti okkar bestu þakkir fyrir góðar móttökur. Takk fyrir okkur.

Starfsmenn

Hanna Agla Ellertsdóttir er komin úr námsleyfi og verður í Brimveri í sumar, hún verður hjá okkur til 17. Ágúst, þá fer hún aftur í nám.

Í vor var auglýst eftir sérkennslustjóra, deildarstjórum og leikskólakennurum í leikskólann.

Hér eru upplýsingar um ráðningar:

- ✓ Sædís Sif Harðardóttir verður sérkennslustjóri leikskólans frá 4. ágúst. Sædís Sif er með BA - próf í tómstunda- og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands og er að útskrifast með diplómu í viðburðastjórnun.
- ✓ Alda Rose Cartwright verður deildarstjóri á Bataklett frá 4. ágúst. Alda Rose hefur lokið mastersnámi í listgreinakennslu og er með kennsluréttindi á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.
- ✓ Auður Elín Hjálmarsdóttir, leikskólakennari, verður í 50% stöðu deildarstjóra á Merkisteini.
- ✓ Júlíanna María Nilsen, leikskólaliði og stuðningsfulltrúi, byrjar 4. ágúst.

Við bjóðum þær velkomnar til starfa og hlökkum til samstarfs ☺

Fundargerð foreldraráðs

Fundur í foreldraráði leikskólans Brimver/Æskukot 28. apríl 2016 kl. 16.00

Mættar: Sigga Birna, Ósk, Vigdís og Sædís

1. Starfsmannamál - verið er að auglýsa eftir starfsfólki. Lögbundin auglýsing. Bráðlega verður auglýst staða leikskólastjóra þar sem Sigga Birna var ráðin til afleysinga í eitt ár. Sigríður Jakobsdóttir kemur ekki aftur til starfa.
2. Barnafjöldi: Brimver-25 börn, Æskukot-35 börn.
3. Leikskólinn tók við Grænfánanum í síðustu viku, afar ánægjulegt.
4. Ræstingamál enn í skoðun. Breyting á uppmælingu.
5. Búið er að samþykkja skóladagatal 2016-2017 í fræðslunefnd.
6. Skólapúlsinn sá um framkvæmd á starfsmannakönnun sem kom almennt vel út.
7. Starfsreglur foreldraráðs - Vigdís ætlar að halda áfram að vinna þær frá því sem frá var horfið, sendir þær síðan á ráðið sem mun fara yfir tillögur og klára útfærslu.
8. Vorhátíðir á báðum starfsstöðvum verða í júní. Foreldrafélögin koma að skipulagi þeirra
9. Vorferð í boði foreldrafélaga leikskólans 26. maí. Boðið er í rútuferð að Holti og Timburhólaskóg.
10. Útskrift í Æskukoti 18. maí og í Brimveri 19. maí. Útskriftarferð verður 25. maí. Kvenfélögin á Eyrarbakka og Stokkseyri veita styrk til ferðarinnar. Útskriftarnemendur taka þátt í Barnabæ með Barnaskólanum 30. maí - 3. júní.
11. Leikskólastjóri ræddi ýmis mál tengd viðhaldi og lagfæringum sem þörf er á. Ákveðið viðhald þarf að fara að eiga sér stað á eldri hluta húsnæðis í Brimveri. Einnig þarf að lagfæra lóðina. Foreldraráð tekur undir og hvetur bæjaryfirvöld til að fara strax í framkvæmdir. Á lóð Brimvers er kominn nýr leikfangaskúr sem mikil ánægja er með og hefur hann fengið nafnið Steinskot sem samræmist því að deildir og rými í Brimveri draga nöfn sín af húsum á Eyrarbakka.

Fundi slitið kl. 17.00

Sumarfrí og starfsdagar

Sumarfrí leikskólans 2016 er frá og með 30. júní til og með 3. ágúst. Leikskólinn opnar eftir frí fimmtudaginn 4. ágúst.

Starfsdagar 2016-2017

Starfsdagar á næsta skólaári eru:

- 18. ágúst – Leikskólinn lokaður
- 7. október – Haustþing – Leikskólinn lokaður
- 17. nóvember – Leikskólinn lokaður
- 2. janúar – Leikskólinn lokaður
- 21. febrúar – Leikskólinn lokaður
- 7. júní – Leikskólinn lokaður

„Raunveruleg hjálp er fólgin í að hjálpa öðrum að verða sjálfstæðir og sterkir einstaklingar“